Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmlestir greiða ekki bryggjugjöld.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum minni en 400 brúttórúmlestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 19,80 af hverri brúttórúmlest.

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 2. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 670 fyrir hver 1000 kg.
2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 14,20 fyrir hver 1000 kg.
3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 39,15 fyrir hver 1000 kg.
4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 3,85 fyrir hvern rúmmetra.
5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.

Lágmarksgjald skal vera kr. 3,20.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 351 16. maí 1980.

*Samgönguráðuneytið, 16. febrúar 1981.*

**Steingrímur Hermannsson.**

*Birgir Guðjónsson.*

25. febrúar 1981. Nr. 121.

# REGLUGERÐ

## um breyting á reglugerð nr. 630/1980 um aukatekjur ríkissjóðs.

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Skírteinagjöld skal greiða í ríkissjóð sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Vegabréf til útlanda (18—66 ára) | kr. | 90 |
| 2. | Vegabréf til útlanda fyrir aðra | — | 50 |
| 3. | Ökuskírteini bifreiðastjóra | — | 50 |
| 4. | Skírteini til aksturs bifhjóls | — | 50 |
| 5. | Skírteini til stjórnar farandvinnuvélar | — | 90 |
| 6. | Ökuskírteini, alþjóðlegt | — | 90 |
| 7. | Bifreiðaskírteini, alþjóðlegt | — | 90 |
| 8. | Meistarabréf | — | 440 |
| 9. | Sveinsbréf | — | 90 |
| 10. | Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskipum allt að 120 br. rúml., hvert skírteini | — | 50 |
| 11. | Stýrimanns- og skipstjóraskírteini á fiskiskip af hvaða stærð sem er og stýrimanns- og skipstjóraskírteini á verslunarskip allt að 400 br. rúml., hvert skírteini | — | 140 |
| 12. | Undirstýrimannsskírteini, stýrimannsskírteini og skipstjóraskírteini á verslunarskip og varðskip af hvaða stærð sem er, hvert skírteini | — | 180 |
| 13. | Vélstjóraskírteini, fyrsta stigs, hvert skírteini | — | 50 |
| 14. | Vélstjóraskírteini, annars stigs, hvert skírteini | — | 90 |
| 15. | Vélstjóraskírteini, þriðja stigs, hvert skírteini | — | 140 |

| | |
|---|---|
| 16. Vélstjóraskírteini, fjórða stigs, hvert skírteini | — 180 |
| 17. Flugnema- og svifflugmannsskírteini | — 50 |
| 18. Einkaflugmannsskírteini | — 90 |
| 19. Atvinnuflugmannsskírteini, III. fl. | — 140 |
| 20. Atvinnuflugmannsskírteini, II. fl. | — 260 |
| 21. Atvinnuflugmannsskírteini, I. fl. | — 440 |
| 22. Flugtækna-, flugvélstjóra, flugleiðsögumanns-, flugumsjónarmanns- og flugumferðarstjóraskírteini | — 260 |
| 23. Skírteini til kvikmyndasýninga | |
| a) staðbundin skírteini | — 50 |
| b) sveinsskírteini | — 50 |
| c) meistaraskírteini | — 90 |
| 24. Naglabyssuskírteini | — 50 |
| 25. Skírteini fyrir suðumenn | — 50 |

2. gr.

24., 25. og 26. töluliðir 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

| | |
|---|---|
| 24. Skráning loftfars til atvinnuflugs | kr. 440 |
| 25. Skráning loftfars til einkaflugs | — 180 |
| 26. Skráning breytinga á eldri skráningu loftfars (eigendaskipti, nafnbreyting o. fl.) | — 180 |

3. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Fyrir að afgreiða vöru- og mannflutningaskip, sem kemur frá útlöndum, og fyrir að láta af hendi þau skilríki er skipið á að fá hér á landi skal greiða 2.60 kr. af hverri nettósmálest skipsins. Hálf smálest eða þar yfir telst heil.

Gjald þetta skal greiða á fyrstu höfn er skipið tekur hér á landi, þó eigi oftar en sex sinnum á almanaksári.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs, nr. 79 23. desember 1975, öðlast gildi frá og með 20. febrúar 1981.

*Fjármálaráðuneytið, 25. febrúar 1981.*

**F. h. r.**
**Höskuldur Jónsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

Nr. 122. 19. febrúar 1981.

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið í dag staðfest breytingu á áður staðfestu skipulagi Reykjavíkur að því er tekur til hluta úr aðalgatnakerfinu milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. febrúar 1981.*

**F. h. r.**
**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón Sigurpálsson.*